

að loka fyrir varma hjá notanda, sem eftir itrekaða áminningu eyðir varma að óþörfu eða umfram gjaldskrá þessa og reglugerð hitaveitunnar. Slik lokun leysir ekki notanda undan að greiða hitagjöld fyrir þann tíma, sem lokun stendur yfir, og ekki er heldur hitaveitan bótaskyld fyrir tjón, sem kann að hljótask af slíkri lokun.

Nú er lokað vegna skuldar og má þá ekki enduropna nema:

1. Sett sé fullnægjandi trygging fyrir greiðslu skuldar eða hún greidd að fullu.
2. Gjald fyrir enduropnun kr. 250.00 sé greitt í sjóð hitaveitunnar. Starfsmenn hitaveitunnar einir mega annast enduropnun.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru lögtakskræf með veði í hinni hituðu eign.

9. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjöld í gjaldskrá þessari um allt að tuttugu af hundraði án staðfestingar ráðuneytisins, þó aldrei nema til eins árs í senn.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. jan. 1952, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 121 19. sept. 1958 fyrir Hitaveitu Hveragerðis.

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykktum nr. 158 6. júlí 1943 fyrir Sparisjóð Húsavíkur.

1. gr.

Við samþykktirnar bætist ný grein, sem verður 38. gr., svo hljóðandi:

Ef sparisjóðurinn verður lagður niður eða hættir störfum, skal eignum hans varið til almenningsþarfa og skulu stofnfjáreigendur gera samþykkt um á hvern hátt það skuli gert. Leita skal samþykkis stjórnarráðsins á ráðstöfun eignanna.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. nóvember 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Oddur Guðjónsson.